

# Staðfesting á skráningu fyrir húðflúrstofu og stofu þar sem fer fram húðgötun, húðrof og fegrunarflúr

Heimilisfang  
Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

Rekstraraðili  
**Reykjavík Ink ehf.**

**7101170710**


ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan  
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur**

hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 670733



KFF6ZZ7Q2146

# ALMENN STARFSSKILYRÐI

## fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

## 1 Gildissvið og almenn ákvæði

### 1.1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi, samanber viðauka reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og viðauka með reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Að auki gilda sértæk starfsskilyrði fyrir tiltekna hollustuháttastarfsemi eins og við á.

Ef um annan starfsleyfisskyldan eða skráningarskyldan rekstur er að ræða samhliða þá gilda viðeigandi skilyrði fyrir þann rekstur.<sup>1</sup>

Starfsskilyrði þessi gilda aðeins fyrir þann rekstraraðila og í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er við skráningu.<sup>2</sup>

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

### 1.2 Skipulag og samþykkt notkun húsnæðis

Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulag og samþykkt notkun húsnæðis.<sup>3</sup>

### 1.3 Skráning starfsemi

Rekstraraðili ber ábyrgð á að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar. Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skal vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Lög nr. 7/1998, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

<sup>2</sup> Rg. 830/2022, 4. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

<sup>3</sup> Rg. 903/2024, 8. gr.

<sup>4</sup> Rg. 830/2022, 6. gr. og rg. 903/2024, 7. gr.

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.<sup>5</sup>

Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin sannarlega ekki lengur starfandi eða starfsemin fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er eftirlitsaðila heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.<sup>6</sup>

## 1.4 Reglufylgni

Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar um hollustuhætti og annarra reglugerða settum samkvæmt þeim, starfsskilyrði og almennar kröfur. Jafnframt ber rekstraraðila að fylgja ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda og leiðbeiningum þar um að því er varðar hollustuhætti, svo sem byggingarreglugerðar, reglugerðar um hávaða, reglugerðar um neysluvatn og reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun.<sup>7</sup>

Verði frávik frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.<sup>8</sup>

Fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina eins og við á.<sup>9</sup>

## 2 Húsnæði

### 2.1 Aðstaða

Húsnæðið skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.<sup>10</sup>

Húsnæði starfseminnar skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð nema annað sé sértaklega tekið fram.<sup>11</sup>

Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.<sup>12</sup>

---

<sup>5</sup> Rg. 830/2022, 7. gr.

<sup>6</sup> Rg. 830/2022, 11 gr.

<sup>7</sup> Rg. 903/2024, 12. gr.

<sup>8</sup> Rg. 903/2024, 12. gr.

<sup>9</sup> Rg. 903/2024, 13. gr.

<sup>10</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>11</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>12</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal vera úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.<sup>13</sup>

Loftræstur ræstiklefi sem rúmar ræstivask og ræstibúnað skal vera til staðar. Í ræstiklefa skal vera gólfniðurfall. Hurðir skulu almennt opnast út og vera læsanlegar. Miða skal við að ræstiklefi fylgi hverjum eignarhluta í byggingu. Fari starfsemin fram á fleiri en einni hæð í sömu byggingu skal ræstiklefi vera á hverri hæð byggingarinnar eða aðgangur að lyftu þannig að ávallt sé greiður aðgangur að ræstiklefa.<sup>14</sup>

Eftirlitsaðila er heimilt að gera kröfu um að í húsnæðinu sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og tiltekinn búnað þar sem þess er þörf.<sup>15</sup>

## 2.2 Snyrtingar

Greiður aðgangur skal vera að fullbúnum snyrtingum. Fjöldi salerna og handlauga skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar<sup>16</sup> og fylgiskjal með starfsskilyrðum þessum.

Að minnsta kosti ein af hverjum 10 snyrtingum á hverri hæð skal vera útbúin fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en ein. Hvert salerni skal vera í læsanlegu, lokuðu rými. Veggir skulu að jafnaði þannig frágengnir að hvorki sé bil við gólf né við frágengið loft rýmisins. Gólf snyrtinga skulu uppfylla kröfur til votrýma og þannig frágengin að ekki sé hætta á hálfu í bleytu. Handlaug með tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í nálægð við salerni. Salernispappír og ruslafata skal vera við hvert salerni. Salernisrými skal vera loftræst og má ekki opnast beint út í aðstöðu þar sem matvæli eru meðhöndluð. Salerni skal aðgreint frá því rými þar sem fólk hefst við að jafnaði.<sup>17</sup>

Standa skal vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar friðhelgi. Æskilegt er að snyrtingar séu aðstöðumerktar. Þar sem snyrtingar kvenna og karla eru aðskildar skal einnig vera til staðar kynhlutlaus snyrting.<sup>18</sup>

Aðstaða til að skipta á börnum skal vera til staðar sé um að ræða starfsemi þar sem gert er ráð fyrir að komið sé inn með ungabörn.<sup>19</sup>

## 2.3 Neysluvatn

Aðgangur skal vera að neysluvatni. Um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.<sup>20</sup>

<sup>13</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>14</sup> Rg. 903/2024, 17. gr. og rg. 112/2012, 6.12.5 gr.

<sup>15</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>16</sup> Rg. 903/2024 og fylgiskjal starfsskilyrða

<sup>17</sup> Rg. 903/2024, 19. gr. og rg. 112/2012, 6.8.3 gr., 6.8.4 gr.

<sup>18</sup> Rg. 903/2024, 18. gr., 19. gr.

<sup>19</sup> Rg. 903/2024, 19. gr.

<sup>20</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

Í neysluvatnslagnir bygginga skal einungis nota viðurkennd efni sem hvorki innihalda skaðleg efni sem borist geta í neysluvatnið og haft áhrif á hollustu þess né efni sem áhrif geta haft á bragð þess eða lykt.<sup>21</sup>

Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði neysluvatnskerfa sé ekki það hátt að hætta sé á húðbruna fólks. Hitastýrð blöndunartæki skulu vera á handlaugum í baðherbergjum og á snyrtingum sé hitastig vatns það hátt að það geti valdið húðbruna. Hitastig vatns við þá töppunarstaði sem almenningur og börn hafa aðgang að skal ekki fara yfir 43°C.<sup>22</sup>

Í neysluvatnskerfi þar sem hitastig á heitu vatni er lægra en 60°C skal þess gætt að kerfið sé yfirhitað með minnst 70°C heitu vatni nægjanlega oft til að koma í veg fyrir hættu á örveruvexti, þar með talið hermannaveiki (legionellu).<sup>23</sup>

### 3 Hreinlæti

Rekstraraðila ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyra viðkomandi rekstri.<sup>24</sup>

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrifnaði eða lýti á umhverfinu.<sup>25</sup>

Húsnæði skal vera vel við haldið og því haldið hreinu og snyrtilegu ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði. Húsnæði og lagnir skulu vera meindýraheld og skólplögnum haldið við.<sup>26</sup>

Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera að minnsta kosti árlega og oftár ef þarf.<sup>27</sup>

Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.<sup>28</sup>

Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi skráningar eftir því sem við á skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.<sup>29</sup>

Sé þvottur þveginn á staðnum skal það gert við aðstæður sem eftirlitsaðili samþykkir.<sup>30</sup>

---

<sup>21</sup> Rg. 112/2012, 14.5.9 gr.

<sup>22</sup> Rg. 903/2024, 17. gr. og rg.112/2012, 14.5.10 gr.

<sup>23</sup> Rg. 903/2024, 17. gr. og rg. 112/2012, 14.5.10 gr.

<sup>24</sup> Rg. 903/2024, 14. gr.

<sup>25</sup> Rg. 903/2024, 17. gr., 18. gr.

<sup>26</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>27</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>28</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>29</sup> Rg. 903/2024, 17. gr.

<sup>30</sup> Rg. 903/2024, 14. gr.

## 4 Innra eftirlit, öryggi og smitgát

### 4.1 Innra eftirlit

Rekstraraðili skal vera með virkt innra eftirlit í samræmi við umfang og eðli starfseminnar. Í innra eftirliti felst m.a. að tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvæga eftirlitsstaði, viðhafa skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir um meðal annars meindýravarnir, viðhald loftræstikerfa, þrif og gerileyðingu eins og við á, áætlun um þjálfun starfsfólks, áætlun um öryggi gesta og notenda sem felur í sér áhættumat og áætlun um forvarnir, skráningu óhappa og slysa og skráningu viðhalds tækja og búnaðar.<sup>31</sup>

### 4.2 Öryggi

Starfseminni skal háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Tæki og búnaður sem tilheyrir starfseminni skal notaður í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og yfirfarinn reglulega. Tryggja skal að starfsfólk hafi hlotið viðeigandi þjálfun. Þar sem við á skal tryggja viðskiptavinum nauðsynlegan öryggisbúnað.<sup>32</sup>

Öll hættuleg efni, eins og ræstiefni, lyf og málningarvörur, sem og hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd á öruggan hátt þar sem börn og óviðkomandi ná ekki til.<sup>33</sup>

### 4.3 Smitgát

Rekstraraðili skal gæta þess að starfsstöðin verði ekki útbreiðslustaður smitsjúkdóma. Ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm, hættu vegna eitrana eða annað sem getur ógnað öryggi þeirra sem þjónustuna sækja skal þegar í stað tilkynna það til eftirlitsaðila.<sup>34</sup>

Starfsfólk skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum fatnaði við störf sín. Starfsfólk sem er við vinnu sína í beinni snertingu við notendur eða viðskiptavini má ekki stunda vinnuna sé það haldið smitsjúkdómi með bráð einkenni, svo sem sótthita (> 38,5°C), mikinn hósta eða niðurgang.<sup>35</sup>

---

<sup>31</sup> Rg. 903/2024, 16. gr.

<sup>32</sup> Rg. 903/2024, 13. gr.

<sup>33</sup> Rg. 903/2024, 17. gr. og Efnalög 6/2013, 16. gr.

<sup>34</sup> Rg. 903/2024, 14. gr.

<sup>35</sup> Rg. 903/2024, 14. gr.

## 5 Hávaði

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Viðmiðunarmörk vegna hávaða frá atvinnustarfsemi eru tilgreind í töflu V í viðauka reglugerðar um hávaða.<sup>36</sup>

## 6 Meðhöndlun efnavöru

Ávallt skal gæta varúðar við meðferð efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða umhverfi. Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar sem sýna að efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni uppfylli ákvæði efnalaga. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið, fyrir minna skaðleg efni.<sup>37</sup>

Öryggisblöð skulu fylgja öllum efnavörum sem flokkast sem hættulegar. Þau skulu vera á íslensku eða ensku, uppfærð og aðgengileg notendum. Efni og efnablöndur skal nota í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrsla sem þeim fylgja. Bera skal kennsl á og beita viðeigandi ráðstöfunum sem koma fram á öryggisblöðum til að stjórna áhættunni af efnanotkun í starfseminni.<sup>38</sup>

Hættuleg efni skulu varðveitt í umbúðum framleiðanda og þau geymd á tryggan hátt þannig að þau séu aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Eiturefni skulu geymd í læstum hirslum eða rými. Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.<sup>39</sup>

Hættulegum efnum og umbúðum sem hafa innihaldið slík efni skal farga í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs eða hreinsa þannig að mönnum, dýrum og umhverfi stafi ekki hætta af.<sup>40</sup>

## 7 Meðhöndlun úrgangs

### 7.1 Almennur úrgangur

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu úrgangs svo sem kostur er.

---

<sup>36</sup> Rg. 724/2008, 8. gr.

<sup>37</sup> Efnalög 61/2013, 12. gr., 14. gr., 15. gr., 21. gr.

<sup>38</sup> Efnalög 61/2013, 30. gr. og rg. 888/2015 (REACH).

<sup>39</sup> Efnalög 61/2013, 16. gr.

<sup>40</sup> Efnalög 61/2013, 19. gr.

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð eða í sorpilát.<sup>41</sup>

Rekstarúrgangi sem fellur til skal safnað saman og hann fluttur brott þegar í stað eða geymdur með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Sorpilát skulu vera nægjanlega mörg og þau hentug, heil og þannig gerð að að auðvelt sé að tæma þau. Við meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar úrgangstegunda, sbr. III. viðauka reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.<sup>42</sup>

## 7.2 Spilliefni

Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum. Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt og geyma þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal svo fljótt sem unnt er komið til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.<sup>43</sup>

## 8 Fráveita

Tilhögun fráveitu og skólphreinsunar skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun.<sup>44</sup>

Skólp frá atvinnurekstri skal eins og við á hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun áður en það er losað í fráveitu sveitarfélags eða eigin fráveitu. Tryggja skal að losun skólps valdi hvorki skemmdum á fráveitubúnaði né truflun við hreinsun þess og hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið og/eða heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur.<sup>45</sup> Fituskilja skal vera á fráveitu frá starfsemi þar sem hætt er á að magn fitu í skólpi geti valdið tjóni á lögnum og fráveitukerfi.<sup>46</sup>

Óheimilt er að losa í fráveitu mengandi efni, svo sem spilliefni eða lyf, eða ólífrænan úrgang, til dæmis blautþurrkur, dömubindi, tannþráð og eyrnapinna.<sup>47</sup>

---

<sup>41</sup> Rg. 803/2023, 9. gr.

<sup>42</sup> Rg. 803/2023, 9. gr., 10. gr., 15. gr., 16. gr.

<sup>43</sup> Rg. 803/2023, 9. gr., rg. 806/1999, 5. gr., 6. gr., 8. gr., og rg. 1040/2016, viðauki I

<sup>44</sup> Rg. 1450/2025

<sup>45</sup> Rg. 1450/2025, 12. gr.

<sup>46</sup> Rg. 1450/2025, viðauki V.

<sup>47</sup> Rg. 1450/2025, 10. gr.

## 9 Tóbaksvarnir

Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir og laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, m.a. hvað varðar takmarkanir á tóbaksreykingum og notkun nikótínvara og rafrettna sem og sölu, afhendingu, auglýsingar og sýnileika slíkra vara.<sup>48</sup>

## 10 Aðgangur dýra að tilteknum svæðum

Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum í eftirtalin rými eða svæði nema að fengnu leyfi eftirlitsaðila.<sup>49</sup>

- a) Sjúkrastofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og húsnæði sjúkraþjálfara.
- b) Skóla og leikvelli.
- c) Fangelsi.
- d) Íþróttastöðvar, íþróttahús, sund- og baðstaði og heilsuræktarstöðvar.
- e) Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrsstofur.
- f) Samkomuhús, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasali, söfn og kvikmyndahús.
- g) Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- h) Mötuneyti.
- i) Sumarbúðir fyrir börn.
- j) Almenningsamgöngutæki.

Rekstraraðila veitingastaðar, sem hefur ekki sérstaklega leyft aðgang hunda og katta og tilkynnt það með sannanlegum hætti til eftirlitsaðila, er heimilt að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.<sup>50</sup>

Fólki með fötlun er heimilt að hafa með sér hjálparhund á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, verslunarmiðstöðvar, samkomuhús og í almenningsamgöngutæki, enda sé viðkomandi einstaklingi ótvíræð nauðsyn á hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur.<sup>51</sup>

---

<sup>48</sup> Lög 6/2002, lög 87/2018

<sup>49</sup> Rg. 903/2024, 43. gr.

<sup>50</sup> Rg. 903/2024, 43. gr.

<sup>51</sup> Rg. 903/2024, 43. gr.

## 11 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Um eftirlit með skráningarskyldri starfsemi fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti.<sup>52</sup>

Eftirlitsaðili getur gert kröfur sem ekki koma fram í starfsskilyrðum þessum, enda séu þær í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.<sup>53</sup>

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, á öllum þeim stöðum sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná yfir.<sup>54</sup> Rekstraraðila er skylt að aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur, meðal annars veita eða afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits endurgjaldslaust.<sup>55</sup>

Rekstraraðila ber að fylgja fyrirmælum eftirlitsaðila sem varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.<sup>56</sup>

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða þessara, laga og reglugerða sem um starfsemina gilda eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.<sup>57</sup> Er eftirlitsaðila m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.<sup>58</sup>

---

<sup>52</sup> Lög 7/1998, 54. gr. 54. gr. a, 55. gr. og rg. 903/2024, 44. gr., 45. gr., 46. gr., 47. gr., 48. gr., 50. gr.

<sup>53</sup> Rg. 903/2024, 12. gr.

<sup>54</sup> Lög 7/1998, 62. gr.

<sup>55</sup> Lög 7/1998, 63. gr., og rg. 903/2024, 48. gr.

<sup>56</sup> Rg. 903/2024, 12. gr.

<sup>57</sup> Rg. 903/2024, 50. gr.

<sup>58</sup> Lög nr. 7/1998, XVII. kafli.

Starfsskilyrði þessi eiga sér meðal annars stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.

**Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.**

## Fylgiskjal

Í byggingum sem eru ætlaðar til annarra nota en íbúðar og hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar, sem og á stöðum þar sem almenningur safnast saman, skal fjöldi salerna og handlauga vera að lágmarki samkvæmt neðangreindri töflu. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur.

Fjöldi gesta	Fjöldi salerna	Fjöldi handlauga
1-15	1	1
16-30	2	2
31-55	3	3
56-80	4	4
81-105	5	5
106-130	6	6

Fjöldi hreinlætistækja skal aukinn um eitt fyrir hverja byrjaða 25 gesta fjölgun. Þar sem gera má ráð fyrir miklu tímabundnu álagi skal auka fjölda hreinlætistækja til samræmis við áætlaða þörf.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum um lágmarksfjölda í töflu þegar fjöldi gesta er umfram 130 og skulu hönnuðir þá gera grein fyrir forsendum heildarfjölda salerna í greinargerðum sínum.

Heimilt er, þar sem salerni eru aðskilin fyrir konur og karla, að fækka salernum fyrir karla og setja í staðinn þvagskálur. Í slíkum tilvikum skal þó aldrei fækka salernum fyrir karla um meira en þriðjung.

Í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar, skal a.m.k. ein af hverjum 10 snyrtingum á hverri hæð vera fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en ein. Snyrtingarnar skulu taldar með í heildarfjölda snyrtinga hvernar byggingar og uppfylla kröfur samkvæmt gr. 6.8.3 í byggingarreglugerð.<sup>59</sup>

<sup>59</sup> Sjá leiðbeiningar HMS: [6.8.3. Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja | Byggingarreglugerð](#)

# SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

## fyrir starfsemi þar sem fram fer húðflúrun, húðgötun, húðrof og fegrunarflúr

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

### 1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir húðflúrstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr, þar með talið stofur þar sem boðið er upp á nálastungur. Jafnframt gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi fyrir ofangreinda starfsemi.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

### 2 Aðstaða

Í vinnurými skal vera sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerileyði og einnota handþurrkum eða sambærilegu. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegna smitgátar, svo sem um handfrjálsan búnað.<sup>1</sup>

Nauðsynleg aðstaða og búnaður skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum, svo sem borð, skolvaskur, áhaldapvottavél og gufusæfir, sem og nægjanlegt rými til að aðskilja hreint frá óhreinu og til geymslu á hreinum og dauðhreinsuðum áhöldum.<sup>2</sup>

Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Baðaðstaða skal vera til staðar fyrir viðskiptavinum þar sem við á. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegnar smitgátar, svo sem um aðstöðu til að skipta um föt.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>2</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>3</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

### 3 Sérstakt hreinlæti

Ítrasta hreinlætis skal gætt í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir og húsnæði og búnaði haldið hreinu og snyrtilegu. Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum en að minnsta kosti árlega.<sup>4</sup>

Starfsfólk skal gæta ítrasta hreinlætis við störf sín. Ávallt skal þvo hendur fyrir og eftir snertingu við viðskiptavin, meðferðir eða aðgerðir og hvers konar inngrip. Einnota hanskar skulu notaðir þar sem við á.<sup>5</sup>

Þvott, þar sem meðferðir og inngrip eru og hætta er á húðrofi eða að húð sé rofin, skal þvo við 60°C – 90°C. Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo eftir hvern viðskiptavin og geyma í skápum eða ílátum.<sup>6</sup>

### 4 Smitgát og sóttvarnir

Þar sem gerðar eru stungur á húð skal viðhafa sérstaka smitgát.<sup>7</sup>

Sá sem framkvæmir aðgerð skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Hreinir einnota hanskar skulu notaðir við húðflúrun og húðgötun á meðan á verkinu stendur.<sup>8</sup>

Nota skal hreinan búnað og sóttahreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld fyrir hvern viðskiptavin. Nota skal einnota nálar og hnífa. Æskilegt er að önnur áhöld og búnaður sé einnota þar sem því verður við komið.<sup>9</sup>

Sé notaður margnota búnaður og áhöld skulu þau þvegin vandlega og eftir atvikum sóttahreinsuð eða dauðhreinsuð. Dauðhreinsuð áhöld skulu pökkuð eða varin á viðurkenndan hátt og geymd fram að notkun í lokuðum umbúðum eða ílátum þar sem þau verða ekki fyrir utanaðkomandi óhreinindum eða hnjaski.<sup>10</sup>

Tæki og áhöld skal þvo vandlega og sótthreinsa eða dauðhreinsa svo fljótt sem auðið er eftir notkun og ávallt á milli notkunar og á milli einstaklinga. Hreinsun skal framkvæmd með viðeigandi efnum og aðferðum og tækjabúnaði sem er yfirfarinn og gæðaprófaður reglulega með viðurkenndum aðferðum.<sup>11</sup>

---

<sup>4</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>5</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>6</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>7</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>8</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

<sup>9</sup> Rg. 903/2024, 32. gr., 34. gr.

<sup>10</sup> Rg. 903/2024, 32. gr., 34. gr.

<sup>11</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

Fylgja skal notkunarleiðbeiningum á umbúðum sóttþreinsivara til að tryggja fulla og rétta virkni þeirra og að ekki hljótist af þeim skaði. Vörur skulu uppfylla kröfur reglugerðar um sæfivörur.<sup>12</sup>

Dauðhreinsibúnað skal prófa með sporaprófum eða öðrum viðurkenndum aðferðum. Prófun skal fara fram eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Niðurstöður prófa skulu verða aðgengilegar eftirlitsaðila.<sup>13</sup>

## 5 Sóttmengaður úrgangur

Rekstraraðili skal tryggja að allur sérstakur úrgangur sem fellur til á stofum sem stunda húðrof sé meðhöndlaður á viðunandi hátt í samræmi við I. viðauka rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og þess gætt að hann blandist hvorki við heimilisúrgang né annan úrgang.<sup>14</sup>

Flokka skal úrgang frá stofum sem stunda húðrof á upprunastað. Sérstökum úrgangi skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast, hann merktur og komið í geymslu í loftræstu og lokuðu rými þar til hann er fluttur til förgunnar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá stofum sem stunda húðrof skal hafa starfsleyfi. Halda skal kvittunum um móttöku, hvort sem er á pappír eða tölvutæku formi, til haga fyrir eftirlitsaðila.<sup>15</sup>

Rekstraraðili skal tryggja að starfsfólk sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá stofum sem stunda húðrof fái fræðslu um meðhöndlun hans og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi slíkan úrgang. Skrá skal þjálfun og fræðslu starfsfólks.<sup>16</sup>

## 6 Leiðbeiningaskylda

Óheimilt er að flúra, gata húð eða beita nálastungum á einstakling undir 18 ára aldri, nema með skriflegu samþykki forráðamanns. Framvísa skal skilríkjum ef vafi leikur á um aldur.<sup>17</sup>

Óheimilt er að flúra, gata húð eða beita nálastungum á fólk sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.<sup>18</sup>

Viðskiptavinir skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um aðgerðina, þ.e. húðflúrun eða fjarlægingu þess, húðgötun eða annað húðrof. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, sýkingarhættu, eftirmeðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð, eftir því sem við á.<sup>19</sup>

---

<sup>12</sup> Rg. 878/2014

<sup>13</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>14</sup> Rg. 903/2024, 32. gr. og rg. 803/2023, 12. gr., I. viðauki

<sup>15</sup> Rg. 803/2023, 12. gr., I. viðauki

<sup>16</sup> Rg. 803/2023, 12. gr.

<sup>17</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

<sup>18</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

<sup>19</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

Rekstraraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfsemina.<sup>20</sup>

## 7 Húðflúrlitir og skartgripir

Skartgripir sem settir eru í nýgerð göt á húð skulu vera dauðhreinsaðir og lausir við skaðleg efni.<sup>21</sup> Þeir skulu uppfylla kröfur efnalaga en auk almennra ákvæða gilda tilteknar sértækar kröfur varðandi málma í skarti.<sup>22</sup>

Einungis er heimilt nota blek til húðflúrunar og varanlegrar förðunar sem uppfyllir sértækar takmarkanir varðandi efnainnihald, merkingar og notkun.<sup>23</sup>

## 8 Hæfni

Sá sem stundar húðgötun, húðflúrun eða veitir meðferð með nálastungum, skal áður en viðkomandi hefur störf og svo á fimm ára fresti, standast hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði í beitingu smitgátar, hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun og öðru sem viðvíkur starfseminni eða hafa lokið námi á heilbrigðisviði, sem felur í sér fræðslu um smitgát og sóttvarnir.<sup>24</sup>

Rekstraraðili skal framvísa gögnum þess efnis að starfsfólk uppfylli ofangreint.<sup>25</sup>

---

<sup>20</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

<sup>21</sup> Rg. 903/2024, 32. gr.

<sup>22</sup> Rg. 888/2015 (REACH)

<sup>23</sup> Rg. 888/2015 (REACH)

<sup>24</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.

<sup>25</sup> Rg. 903/2024, 34. gr.



## Sértæk starfsskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir húðflúrráðstefnuna Icelandic tattoo convention þann 5. til 7. júní 2026.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

Skráning þessi gildir aðeins fyrir húðflúrráðstefnuna Icelandic tattoo convention haldin af Reykjavík ink í Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a á tímabilinu 5. til 7. júní 2026. Aðeins er veitt leyfi til húðflúrs en ekki til annarrar húðgötunar eða skurða í húð.

Skráning skal vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt þátttakendum húðflúrráðstefnunnar.

Rekstraraðili ber ábyrgð á starfsemi á viðburði að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í skráningu. Ábyrgð rekstraraðila er gagnvart viðskiptavininum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða, laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrir mælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

Rekstraraðili skal afskrá starfsemi á island.is þegar viðburði er lokið.

Hvorki má selja né neyta áfengis á svæðinu þar sem húðflúrað er á mótinu.

Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

### 2. Aðstaða og búnaður

Aðstaðan skal þrífín daglega eða oftár eftir þörfum.

Í vinnurými skal vera sérstök handlaug með fljótandi handsápu, einnota handþurrkum og gerileyði. Gæta skal að því að greitt aðgengi sé að handlaug fyrir húðflúrara á meðan starfsemi fer fram.

Aðstaða húðflúrara skal vera afmörkuð svo áhorfendur séu utan við starfsstöð.

Fyrir hvern aðgerðarstól má ekki vera minna en 5 m<sup>2</sup> gólfrymi. Gólf og önnur yfirborð skal vera klætt efni sem er auðvelt í þrífum eða auðþrífanleg.

Við hvern aðgerðarstól skal vera plastað vinnuborð. Einnota undirbreiðslu skal setja undir áhöld, liti og annan hreinan útbúnað fyrir hvern viðskiptavin. Þar skal einnig vera gerileyðir og viðurkennt förgunarbox fyrir notaðar nálar. Einnig sorpílát sem þar sem sóttmengað sorp, þ.e. búnaður sem komist hefur í snertingu við líkamsvessa, er aðgreint frá venjulegu sorpi.



### 3. Smitgát og sóttvarnir

Áhöld sem fara gegnum húð eða snerta opið sár skulu vera dauðhreinsuð. Á hátíðinni skal eingöngu nota einnota nálar og einnota túpur fyrir nálarnar.

Gæta skal ýtrasta hreinlætis og smitgátar við starfið.

Húðflúrarar skulu ástunda fullnægjandi handþvott. Hreinir einnota hanskar skulu notaðir við húðflúrun á meðan á verkinu stendur.

Aðgerðarborð skal þvo og sótthreinsa eftir hvern viðskiptavin áður en áhöld og efni fyrir næsta viðskiptavin eru sett fram. Hreinsun skal framkvæmd með viðeigandi efnum og aðferðum.

Fylgja skal notkunarleiðbeiningum á umbúðum sótthreinsivara til að tryggja fulla og rétta virkni þeirra og að ekki hljóti af þeim skaði.

### 4. Úrgangur

Rekstraraðili skal tryggja að sóttmengaður úrgangur sem fellur til sé meðhöndlaður á viðunandi hátt í samræmi við I. viðauka rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og þess gætt að hann blandist hvorki við heimilisúrgang né annan úrgang.

Sóttmengað sorp skal geymt þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að þangað til það verður sótt af fyrirtæki sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að flytja sóttmengað sorp. Skila skal kvittunum fyrir móttöku sorps eftir húðflúrráðstefnuna til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Draga skal úr myndun annars úrgangs eins og kostur er.

Meðferð annars úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur.

### 5. Leiðbeiningarskylda

Óheimilt er að húðflúra einstakling undir 18 ára aldri, nema með skriflegu samþykki forráðamanns. Framvísa skal skilríkjum ef vafi leikur á um aldur.

Óheimilt er að húðflúra viðskiptavin sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Viðskiptavinir skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um aðgerðina, þ.e. húðflúrun eða fjarlægingu þess, húðgötun eða annað húðrof. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, sýkingarhættu, eftir meðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð, eftir því sem við á.

Rekstraraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfsemina.



## 6. Hæfni

Sá sem stundar húðgötun, húðflúrun eða veitir meðferð með nálastungum, skal áður en viðkomandi hefur störf og svo á fimm ára fresti, standast hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði í beitingu smitgátar, hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun og öðru sem viðvíkur starfseminni eða hafa lokið námi á heilbrigðissviði, sem felur í sér fræðslu um smitgát og sóttvarnir. Rekstraraðili skal geta framvísað gögnum þess efnis að þátttakendur á húðflúrráðstefnunni uppfylli ofangreint.

Harpa Lind Björnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

### **Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir

Lög nr. 19/1997 um sóttvarnir

Efnalög nr. 61/2013

Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti

Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs